

GJALDSKRÁ

Slökkviliðs Vestmannaeyja.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Verkefni Slökkviliðs Vestmannaeyja (SLV) ákvarðast af lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

2. gr.

SLV innheimtir ferða- og upphaldskostnað í samræmi við reglur ferðakostnaðarnefndar fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

3. gr.

Slökkviliðsstjóra er heimilt að fella niður gjald vegna starfsemi ef verkefni telst þjóna almannahagsmunum og/eða fellur að markmiðum SLV.

II. KAFLI

Lögbundin verkefni.

4. gr.

Sé ákvæðum 2. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum beitt skal eigandi eða umráðamaður mannvirkis eða lóðar bera kostnað samkvæmt gjaldskrá af eftirliti með því að farið hafi verið að kröfum um úrbætur samkvæmt 3. mgr. 29. gr. sömu laga. Einnig er heimilt að taka gjald fyrir öryggis- og lokaúttektir samkvæmt 2. mgr. 12. gr. sömu laga.

Fast tímagjald fyrir hverja byrjaða klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns er kr. 13.788 vegna lögbundinna verkefna.

5. gr.

Eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar.

Fyrir eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar skal tekið fast gjald, kr. 13.788 fyrir hverja byrjaða klukkustund. Þegar um útkall er að ræða utan tilskilins daglegs vinnutíma starfsmanns eru innheimtar kr. 55.152, auk kr. 13.788 fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjórar fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

6. gr.

Öryggisvaktir á mannvirki.

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til vegna öryggisvakta eftir að eiganda eða forráðamanni hefur verið tilkynnt ákvörðun slökkviliðsstjóra um að öryggisvakt skuli sett á viðkomandi húseign. Á það jafnframt við um tilfallandi vaktir vegna tímabundinna viðburða þar sem fullum eldvörnum verður ekki við komið eða á meðan unnið er að úrbótum á þeim. Innheimtar eru að lágmarki kr. 55.152 fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk kr. 13.788 fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjórar. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. og 30. gr. laga um brunavarnir.

7. gr.

Lokun mannvirkis.

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til vegna lokunar mannvirkis eftir að eiganda eða forráðamanni hefur verið tilkynnt ákvörðun slökkviliðsstjóra um að loka skuli viðkomandi mannvirkni. Innheimtar eru kr. 13.788 fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Þegar um útkall er að ræða utan tilskilins daglegs vinnutíma starfsmanns eru innheimtar kr. 55.152, auk kr. 13.788 fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjórar fyrir hvern starfsmann.

mann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaltdöku byggir á 3. mgr. 29. gr. og 32. gr. laga um brunavarnir.

8. gr.

Dagsektir.

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til frá og með ákvörðun slökkviliðsstjóra um dagsektir og þar til kröfum um úrbætur á eldvörnum hefur verið fullnægt. Innheimtar eru kr. 13.788 fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaltdöku byggir á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

9. gr.

Öryggis- og lokaúttektir.

Innheimt er fyrir alla vinnu sem fellur til vegna öryggis- og lokaúttektar, að lágmarki kr. 27.575. Fyrir stærri úttektir skulu að auki innheimtar kr. 13.788 fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaltdöku byggir á 3. mgr. 12. gr. laga um brunavarnir.

10. gr.

Útköll vegna brunaviðvörunarkerfa.

Sé slökkvilið kallað út vegna boða frá sjálfvirku brunaviðvörunarkerfi án þess að eldur sé laus skal innheimt fyrir kostnaði af eftirliti með því að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir endurtekin falsboð.

Innheimt er fast gjald fyrir eina klukkustund, kr. 13.788 fyrir eftirlitið. Leiði það hins vegar til frekara eftirlits, vegna ítrekaðra falsboðana eða alvarlegra ágalla á brunavörnum, fellur það undir eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar, sbr. 6. gr. þessarar gjaldskrár og er þá innheimt samkvæmt því. Heimild til gjaltdöku byggir á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

11. gr.

Umsagnir.

Umsagnir slökkviliðsstjóra til einkaaðila eða annarra stjórvalda eru ekki fyrirskrifðar í lögum um brunavarnir. Umsagnir til annarra stjórvalda kunna þó eftir atvikum að vera áskildar í lögum um aðra málaflokkja og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Innheimt er fast gjald, kr. 13.788. Þegar um útkall er að ræða utan tilskilins daglegs vinnutíma starfsmanns eru innheimtar kr. 55.152 auk kr. 13.788 fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjórar fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

III. KAFLI Önnur verkefni og þjónusta.

12. gr.

SLV sinnir öðrum verkefnum sem eru ekki skilgreind sem verkefni liðsins samkvæmt lögum. Þessi verkefni falla þó að tilgangi SLV sem er að vinna að velferð íbúa Vestmannaeyjabæjar, séu þau ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum né framkvæmd í samkeppni við aðra aðila. Því ber að taka gjald fyrir veitta þjónustu. Fast tímajald fyrir hverja byrjaða klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns er kr. 13.788 nema annað sé sérstaklega tekið fram. Hér er tekið tillit til samkeppnis-sjónarmiða, þjálfunar, virkjunnartíma og þess að þjónustan er aðgengileg allan sólarhringinn, allt árið. Þess er gætt að gjaldið endurspegli eftir bestu getu raunkostnað.

13. gr.

Ráðgjafarþjónusta.

Falli ráðgjafarvinna undir ákvæði stjórnsýslulaga um upplýsinga- og leiðbeiningaskyldu skal sú vinna undanþegin gjaldi. Ef ráðgjafarvinnan er fyrir utan ákvæði d-liðar 1. mgr. 12. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum, um leiðbeiningar til fyrirtækja og stofnana eftir atvikum um hvaðeina er varðar brunavarnir og eldsvoða vegna viðkomandi starfsemi, er þjónustan

gjaldskyld. Innheimtar eru kr. 13.788 fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

14. gr.

Fylgd vegna sprengiefnaflutninga.

Sprengiefnafylgd er ekki áskilin í lögum um brunavarnir heldur getur löggreglustjóri sett fram kröfur um fylgd slökkviliðs við slíkan flutning. Innheimtar eru að lágmarki kr. 55.152 fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk kr. 13.788 fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjórar.

15. gr.

Viðbúnaður utan gildissviðs laganna.

Í 2. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum kemur fram að lögini gilda um eldvarnir og slökkvistörf vegna eldsvoða og viðbúnað við mengunaróhöppum á landi nema kveðið sé á um annað í lögnum. Lögini gilda enn fremur um björgun á fastklemmdu fólkis úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði. Lögini taka ekki til eldvarna í skipum með haffærisskírteini, loftförum, almennum vinnuvélum, bifreiðum eða öðrum vélknúnum örutækjum.

Ef óskað er eftir því að slökkviliðið sinni verkefni sem fellur utan gildissviðs laganna skal slökkviliðsstjóri innheimta fyrir tæki og vinnu samkvæmt gjaldskrá ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal að lágmarki fyrir 4 starfsmenn í tvær klukkustundir, auk kr. 13.788 fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

16. gr.

Upphreinsun.

Upphreinsun sem fellur ekki undir skilgreiningu 3. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 á mengunaróhappi er sinnt af slökkviliði þótt ekki sé mælt fyrir um það í lögum um brunavarnir, meðan ekki eru aðrir þar til hæfir aðilar tiltækir til að sinna verkefninu. Er það mat slökkviliðsstjóra hverju sinni hvenær sinna skal slíku tilviki.

Slökkviliðsstjóri skal innheimta samkvæmt gjaldskrá fyrir vinnu við upphreinsun, fyrir efni sem notuð eru til upphreinsunar, og fyrir meðhöndlun og förgun þeirra, ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal að lágmarki fyrir 4 starfsmenn í tvær klukkustundir, auk kr. 13.788 fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

17. gr.

Verðmætabjörgun og vatnslekar.

Verðmætabjörgun sem ekki er tilgreind í brunavarnalögum, t.d. vegna vatnsleka, er sinnt af slökkviliði þótt ekki sé mælt fyrir um það í lögum um brunavarnir, meðan ekki eru aðrir þar til hæfir aðilar tiltækir til að sinna verkefninu. Slökkviliðsstjóri skal innheimta gjald fyrir vinnu samkvæmt gjaldskrá ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal að lágmarki fyrir 4 starfsmenn í tvær klukkustundir, auk kr. 13.788 fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

18. gr.

Tækjaleiga.

Tækjaleiga er ekki fyrirskrifud í lögum um brunavarnir. Þó er eðlilegt að leigja tæki sem eru þess eðlis að ekki er hægt að leigja þau hjá öðrum aðilum eða ef aðstæður kalla á skjóta notkun sem aðrir aðilar geta ekki boðið.

Verðlagning er ákveðin þannig að hún sé ávallt í það minnsta 35% hærri en leiga á svipuðum eða sambærilegum tækjum sem aðrir geta útvegað til að tryggja samkeppnissjónarmið. Verðlagning á tækjum er endurskoðuð árlega.

Gjald fyrir körfubíl er kr. 29.247. Gjald fyrir dælubíl og tankbíl er kr. 21.665 og kr. 10.412 fyrir alla minni bíla og tæki fyrir hverja byrjaða klukkustund.

Gjald fyrir áfyllingu lofts á loftkúta er kr. 1.964 fyrir hvern kút.

Nr. 198

28. janúar 2021

Eingöngu starfsmönnum SLV er heimilt að nota tæki slökkviliðsins og verða þau því ekki leigð út án þess að starfsmaður SLV fylgi tækinu. Innheimtar eru að lágmarki kr. 55.152 fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk kr. 13.788 fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjórar, auk tækjaleigu.

19. gr.

Annað.

Innheimt skal gjald fyrir aðra vinnu sem ekki er tilgreind hér og ekki er mælt fyrir um í lögum. Innheimt skal gjald fyrir alla vinnu og tæki. Getur þetta t.a.m. átt við um þjónustu vegna sérstakra verkefna eins og kvíkmyndatöku, móttöku erlendra þjóðhöfðingja eða sendimanna, menningarviðburða, eldvarnanámskeiða o.fl. þess háttar.

IV. KAFLI

Innheimta.

20. gr.

Vestmannaeyjabær annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari. Vestmannaeyjabær er heimilt að fela innheimtufyrirtæki verkefnið og gera samning þar að lútandi. Um innheimtu gjalda skal fara eftir viðteknun venjum í innheimtu opinberra stofnana. Gjalddagi gjalda samkvæmt gjaldskránni er útgáfudagur reiknings og eindagi er 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Gjöldum sem til eru komin vegna aðgerða til að knýja fram úrbætur samkvæmt lögum, sbr. 6. gr. t.o.m. 11. gr., fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð, sbr. 3. mgr. 12. gr., 3. og 4. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum.

V. KAFLI

Gildistaka og lagastoð.

21. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 75/2000 með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, er samin af Slökkviliði Vestmannaeyja. Gjaldskráin var samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyja, þann 28. janúar 2021, með heimild í 1. mgr. 92. gr. sveitarstjórnarlagu nr. 138/2011 með síðari breytingum og tekur þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1311/2016.

F.h. Vestmannaeyjabæjar, 28. janúar 2021,

Ólafur Þór Snorrason framkvæmdastjóri.

B-deild – Útgáfud.: 24. febrúar 2021